



Dagsetning  
Málsnúmer

8. apríl 2024  
FRN24030073

Reykjavíkurborg  
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
b/t Guðrúnar Elsu Tryggvadóttur  
gudrun.elsa.tryggvadottir@reykjavik.is

**Efni: Svar við fyrirspurn, dags. 14. mars 2024, um túlkun á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra.**

Spurt er hvort beri að skilja umrædd lagaákvæði þannig að það sé lagaskylda að gera ráð fyrir þremur fulltrúum frá einu tilteknu félagi eða hvort Reykjavíkurborg sé heimilt að gefa fleiri samtökum eldri borgara færi á að taka eitt eða fleiri sæti af þessum þremur.

Í 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra segir að í öldungaráði skuli að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.

Ákvæðin gera ráð fyrir að fjöldi fulltrúa félaga eldri borgara og sveitarstjórna skuli að lágmarki vera þrjú. Sveitarstjórnir hafa því í hendi sér þann fjölda fulltrúa félaga eldri borgara sem skipa ráðið hverju sinni. Lögin skilgreina ekki sérstaklega hvaða félag eldri borgara um ræðir, eingöngu að það skuli vera að lágmarki þrjú fulltrúar frá félagi eldri borgara í sveitarfélaginu.

F.h. ráðherra

  
Jóna Guðný Eyjólfsson  
skrifstofustjóri

  
Birna Sigurðardóttir  
sérfræðingur